

# Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB

## 1. Forsendur skiptingar á milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari er aðildarfélögum skylt að nota Abler skráningarkerfið til að halda utan um starfsemi sína.

## 2. Skipting lottótekna

- a) 5 % í Afrekssjóð UMSB
- b) 35 % til UMSB
- c) 60 % til aðildarfélaga UMSB

## 3. Skipting lottótekna skv. c-lið 1. greinar milli aðildarfélaga og deilda

- a) 10 % jafnt á milli allra aðildarfélaga
- b) 10 % eftir fjölda mættra fulltrúa á þing UMSB
- c) 80 % eftir fjölda iðkenda upp að 18 ára aldri

## 4. Skerðingar

Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðir það úthlutunarfé þess félags um 25 % við næstu úthlutun en hefur ekki áhrif á úthlutanir eftir það. Skerðingar samkvæmt þessari grein renna til UMSB.

*Reglugerð þessi var samþykkt á sambandsþingi UMSB 13. mars 2024 á Hvanneyri*